

Skýrsla fræðslunefndar 2020

Ný fræðslunefnd kostin á aðalfundi í júní 2020. Erna Jónsdóttir fór úr nefndinni og í staðin kom Aðalheiður Snorradóttir.

Nefndina skipa:

Klara Sigurbjörnsdóttir, Djurdja Kristjana, Fjóla Hrönn Guðmundsdóttir, Eva María Guðmundsdóttir og Aðalheiður Snorradóttir. Varamenn: Þórunn Bjarnadóttir og Guðborg Eyjólfsdóttir.

Jæja þá kemur þetta :

2020 byrjaði bara ósköp venjulega og fræðslunefndin var með námskeið í lok janúar **„Breytingar á vsk, skatti ásamt fleiru“**

Með Lúðvík Þráinssyni. Síðan var námskeið 3 mars **„Kynning á tengingu færslna fjárhagsbókhalds og mismunandi kerfishluta, s.s. sölu-, innkaupakerfi, birgðakerfi ofl.“**

Með Eymundi Ingimundarsyni viðskiptafræðingi og kerfishönnuði og Jónasi frá DK.

Svo gerðist dolítið ::::: sem enginn sá fyrir

Þá voru góð ráð dýr. Allt það sem við vorum búin að setja á dagskrá fram að sumri fór úr böndunum. Við funduðum reglulega notuðum mest símafundi og facebook síðuna okkar en lítið hægt að gera þar sem ekki var hægt að vera með nema fáa saman í einu og svo algjört bann á fundi og samkomur. Svo kom sumarfrí og við vorum mjög jákvæðar fyrir haustið og vorum búin að setja upp smá grind af hugsanlegum námskeiðum og smá grind fyrir ráðstefnuna í nóvember. Svo þegar við komum aftur til starfa í nefndinni eftir sumarfrí þá var allt orðið við það sama. Ný bylgja kominn af stað, við biðum aðeins til að sjá hvað yrði en ástandið bara versnaði þegar leið á haustið. Þá sáum við að við þurftum virkilega að setja okkur í stellingar og hugsa allt uppá nýtt og finna aðrar leiðir til að halda námskeið/fyrirlestra sem væru bara á netinu. Á þessum tímamarki voru fyrirtæki í auknu mæli farin að notfæra sér t.d. Zoom og Teams til að halda viðburði og eftir að við skoðuðum hvað gæti best hentað félaginu til að koma okkur af stað var ákveðið að fara í samstarf við Exton sem sérhæfir sig í hljóð og myndlausnum.

Fyrsta námskeiðið eingöngu á netinu var sent út þann 5. Nóvember það var:

„Eigið fé, úborgun arðs ofl Með Bjarna Frímanni Karlssyni.

Skráning fór fram úr okkar bestu vonum því yfir 100 manns skráðu sig á þetta námskeið enda félagsmenn orðnir þyrstir í að komast á námskeið.

Næsta námskeið var **„Rafræn vinnustofa í Excel**

2ja daga vinnustofa með Sigurði Friðrikssyni. Enduðum á að vera með 3 fulla hópa (3 námskeið) sem spannaði tímabilið frá 26. Nóvember til 12 janúar.

Það eru núna mörg námskeið framundan hjá okkur og við erum ánægðar með hvernig þetta reddaðist allt og höldum ótrauðar áfram. Við vonumst til að árlega ráðstefnan okkar geti verið með venjulegu sniði í nóvember en þangað til ætlum við að bjóða uppá mikið úrval af rafrænum námskeiðum. Félagið hefur nú fest kaup á sínum eigin Zoom aðgangi sem auðveldar okkur að halda námskeiðin á netinu og minkar kostnað.

Við þökkum félagsmönnum kærlega fyrir þátttökuna í námskeiðunum á síðasta ári og hversu vel félagsmenn tóku nýjum og breyttum tímum. Um leið hvetjum við félagsmenn til að viðhalda endurmenntunarpunktum sínum.

Virðingarfyllt

f.h. fræðslunefndar, Klara Sigurbjörnsdóttir